20 12. marz

LÖG

um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

2. gr.

Orðin „og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr." í niðurlagi 6. gr. laganna, sem verður 7. gr., falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist svo:

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem innheimt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

19. liður laga nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og samhljóða ákvæði í eldri lögum eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.